

27. nóvember 2018
kl. 8.15

Fundargerð Foreldraráðs Fífusala

Erla Stefanía fyrir hönd hins nýja foreldraráðs boðaði til fundarins og var fyrsti fundur nýja foreldraráðsins settur kl. 8.15 þann 27 nóvember 2018.

Stjórn foreldraráðsins skipti með sér verkum á fundinum. Ákveðið var að

Sigurlaug Lilja Ólafsdóttir yrði formaður og

Helgi Már Jósepsson yrði ritari og

Þóra Lind Þórsdóttir yrði meðstjórnandi.

Varamaður foreldraráðsins er Jóhanna M. Pálsdóttir en Erla Stefanía og Elva eru fyrir hönd leikskólans og deildarstjóra.

Skipulag funda var rætt ásamt því að farið var yfir hlutverk foreldraráðs ásamt því að farið var yfir hvað væri á döfinni hjá leikskólanum.

Fjárhagsáætlun var rædd og það krefjandi umhverfi sem leikskólar í Kópavogi sem og annarsstaðar eru að glíma við en mönnun var sérstaklega rædd.

Sérstaklega var komið inn á það að búið er að auglýsa eftir deildarstjóra á Læk en enn sem komið er hafa engar umsóknir borist sem endurspeгла hve ástandið er erfitt varðandi mönnun.

Fundi lauk kl. 9.05 og ákveðið að boðað yrði til næsta fundar um miðjan janúar 2019.

Fundargerð ritaði Helgi Már Jósepsson
